



Sameiginleg leiðsögn meistaranema

16. febrúar 2016
Fastanefnd meistaranáms

Hafdís Guðjónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir
og Svanborg R. Jónsdóttir
Menntavísindasvið Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
University of Iceland

Rannsóknarsjóður
Háskóla Íslands



Sameiginleg leiðsögn

- Hafdís Guðjónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir
- Megintilgangur með samvinnunni var að
 - skapa námssamfélag meistaranema og okkar leiðbeinenda
 - styðja við nemendur
 - styrkja hver aðra í leiðsögn við meistaranema.
- Aðferðafræði *Starfstengdar sjálfsrýni* (self-study of teacher education practices) til að fylgjast með þróuninni, skilja ferlið og öðlast þekkingu á því sem meistaranemar þurfa aðstoð við.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SvaKaHaf



Nemendur

- Nemendahópur
 - 14 – 20 meistaranemar á ári,
 - í fimm ára kennaranámi, með reynslu og í framhaldsnámi, kennsluréttindanámi...
 - Eigindlegar rannsóknir, starfendarannsóknir, námsefnisgerð
 - Sköpun, nýsköpun, læsi, þróun fagmennsku, stjórnun, sérkennsla, skóli án aðgreiningar...
 - 10-14 mæta á fundi (2-4 á netinu)
 - Eru á mismunandi stigi
 - Rannsóknaráæltun (5-10 stig)
 - Vinna að rannsókninni og ritgerðinni
 - 43 nemendur hafa útskrifast á þessum þremur árum



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SvaKaHaf

Leiðbeinendur

- Rými orðið til í samstarfi okkar
 - skipuleggjum fundina saman en skiptumst á að leiða þá
 - tökum sameiginlega á ýmsum áskorunum
 - ígrundun
 - byggjum á þeim auðlindum sem við komum með hver um sig
 - traust hefur þróast og sameiginleg geta okkar til að leiðbeina meistaranemum hefur aukist
 - meðleiðbeinendur eða sérfræðingar



Námssamfélag byggt á auðlindum nemenda og kennara

- Fundir í tvo klukkutíma, þriðju hverja viku – á staðnum eða á netinu
 - Þarfir nemenda og kröfur meistara verkefna eru í brennidepli.
- Fundir eru skipulagðir á eftirfarandi máta:
 1. Kennarar taka ákveðið efni fyrir og kynna
 2. Nemendur vinna í litlum hópum að ákveðnum þáttum sem þeir kalla eftir
 3. Nemendur vinna einstaklingslega
 4. Nemendur hitta leiðbeinanda sinn í litlum hópi.
 5. Í byrjun kynntu 2-3 nem. verkefni sín á hverjum fundi, nú veggspjaldakynning einu sinni á ári.



MÚS (Miði Úr Skólastofu)

- Nemendur skrifa okkur skilaboð um stöðuna.
 - hvornig fundurinn nýttist þeim,
 - það sem þeir lærðu eða tóku með sér og nýta sér í vinnunni við meistara verkefnið.
 - óskir um
 - það sem þeir vilja að tekið sé fyrir á næsta fundi
 - fyrirkomulag t.d. tíma til að ræða saman í hópum, vinna einstaklingslega, funda með leiðbeinanda...
- Þessar óskir hafa áhrif á skipulag næsta fundar
 - Spurningarnar eru t.d. svona
 - Hvað takið þið með ykkur eftir daginn í dag og hvað viljið þið að verði tekið fyrir næst.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SvaKaHaf

Í dag tek ég með mér af fundinum

Það var gott að fá upplýsingar um gögn (glærurnar) og að fá leiðsögn og samtal. Ég skildi ekki hvað átt var við með „sögur“ en núna skil ég það. Takk fyrir! ☺

Gagnlegur fundur og ég fékk hugmyndir um hvornig ég get skipulagt niðurstöðukaflið minn

Ég þarf að passa að vera með opinn huga sem rannsakandi og ekki álykta fyrirfram.

Dæmi um MÚSarmiða nemenda

Á næsta fundi myndi ég vilja læra meira um:

Hvort er betra að vera með meira eða minna af gögnum í starfendarrannsóknnum? Getur of mikið magn gagna gert rannsóknina of flókna?

Niðurstöður. Tengsl milli þema og frásagnar

Ég vil gjarnan vera í hópi fólks sem er að vinna að svipuðu verkefni. Ég þarf líka að finna rannsóknarvin.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SvaKaHaf

Krefjandi vegferð The Rocky Road

Reynsla nemenda af fundunum

- Styðjandi við vinnuna að meistara verkefni
- Stuðningur samnemenda
- Fundu síður fyrir einmanaleika
- Hélt þeim að verki



Ávinningar og áskoranir nemenda

Áskoranir nemenda

- Aðferðafræði
- Fræðilegur rammi
 - Tengja við eigið rannsóknarverkefni
- Ritunarferlið – að skrifa
- Tími
 - eru upptekin í öðrum verkefnum
 - Ein önn (er að breytast?)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SvaKaHaf

Nemendur á lokastigi

Alltaf þegar ég var að hætta við að skrifa ritgerðina þá mætti ég á fund vegna þess að ég fann það innst inni að mig langaði til að halda áfram. Fundirnir hjálpuðu mér að finna það jákvæða við vinnuna. Þeir voru metnaðarfullir, hvetjandi og oft skemmtilegir.

Fundirnir í SvaKaHaf voru faglegir, frumlegir, fjölbreyttir og skemmtilegir. Leiðbeinendur voru algjörlega óþreytandi við að finna nýjar og skapandi leiðir til nálgunar á viðfangsefnum, hvetja nemendur til dáða, örva forvitni þeirra, þekkingarleit, kafa dýpra í viðfangsefni, aðstoða við erfiðar glímur, veita sálarstuðning og hvatningu á ótal vegu ásamt léttu sparki í rassinn þegar við átti. Hið faglega var alltaf í fyrirrúmi.


Það að fá tækifæri til að hitta aðra nemendur sem eru í sömu sporum, miðla á milli hvernig gengur og af hverju ekkert gengur er mikilvægt á rannsóknarferlinu. Það veitir ákveðið aðhald að hitta bæði kennara og aðra nemendur á ferlinu. Án þessa hóps hefði ég verið ein í mínu horni með vagnaveltur minar og líklega aldrei náð að klára.

SvaKaHafs hópurinn veitti mikið aðhald, að hitta aðra í sömu sporum, utanumhald og fagleg vinnubrögð. Sumarhópurinn varð til úr þessum SvaKaHafs hóp sem hjálpaði mér enn frekar og veitti enn meiri stuðning. Þú finnur einhvern sem skilur þig og veitir hvaða sporum þú stendur.

Ég veit ekki hvernig nemendur fara að því að skrifa meistara ritgerð ef þeir tilheyra ekki svona hóp. Út frá þessum hópi tengdist ég minni hóp (sumarlærdómshóp) sem varð mjög mikilvægur stuðningur í sumar (án þess hefði þetta ekki orðið að raunveruleika). Takk fyrir frábært samstarf.

Góður stuðningur og aðhald sem heldur manni við efnið. Það kom sér vel að hitta aðra í sömu sporum og voru með nákvæmlega sömu spurningarnar og maður hafði sjálfur. Auðveldaði manni að afla sér upplýsinga (t.d. gegnum facebook).

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SvaKaHaf



Using self-study to develop a third space for collaborative supervision of master's projects in teacher education

Collaborative supervision of master's projects: A self-study by three university-based teacher educators

<http://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/17425964.2015.1013026>

https://www.researchgate.net/publication/266394979_Collaborative_supervision_of_master's_projects_A_self-study_by_three_university-based_teacher_educators

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SvaKaHaf

hafdud@hi.is Hafdis
svanions@hi.is Svanborg
karenrut@hi.is Karen Rut